



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 24. febrúar 2021

Ágæta samverkafólk.

Bestu þakkir til ykkar fyrir frábæra þjónustu á tímum heimsfaraldursins. Ég þakka ykkur fyrir að finna nýjar leiðir til boðunar og fræðslu og að „léttu bróður böll“ við erfiðar aðstæður sökum samkomutakmarkana vegna farsóttar. Þið hafið staðið ykkur frábærlega og verið öðrum til fyrirmyndar við að leysa úr erfiðum og viðkvæmum málum. Þar á ég við athafnir kirkjunnar, fermingar, hjónavígslur, skírnir og útfarir. Höldum áfram á þessari braut.

Enn á ný hafa breytingar orðið á reglum um samkomutakmarkanir þar sem svigrúmið er rýmkað, en á sama tíma er kallað eftir frekara utanumhaldi. Ég tel að allt sé þetta framkvæmanlegt og við skulum nú sem fyrr gera okkar besta í að fylgja öllum leiðbeiningum heilbrigðisyfirvalda.

Nýja reglugerð og minnisblað sóttvarnarlæknis má finna hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/02/23/COVID-19-Fjoldatakmork-verda-50-manns-fra-24.-februar/>

Helstu atriðin sem ég vil draga fram að þessu sinni eru eftirfarandi:

- Almenna reglan um fjöldatakmörkun er nú **50** í stað 20.
- Tveggja metra reglan gildir almennt áfram en á samkomum, **þar sem skráning þátttakenda (nafn og sími) er viðhöfð má miða við 1 metra á milli óskyldra aðila.**
- **Grímuskylda** er ávallt ef ekki er hægt að halda a.m.k. 2 metra fjarlægð milli manna. Huga þarf að því að bjóða grímur við innganga, fyrir þá sem mæta grímulausir.
- Hámarksfjöldi við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga er nú **200** í stað 150.
- **Skráning þátttakenda** á alla viðburði þar sem koma saman fleiri en 50. Skrá þarf nafn, kennitölu og símanúmer. Ef viðstaddir eru færri en 50 þarf ekki að skrá þátttakendur. Börn fædd árið 2005 og yngri eru ekki inni í fjöldatölum.

Síðasti punkturinn er líklega það atriði sem er hvað flóknast að framkvæma fyrir okkur í kirkjunni. Til upplýsinga þá er það rakningarteymi almannavarna sem er að leggja áherslu á þetta, varðandi alla viðburði í samfélaginu og þar með kirkjunnar viðburði.

Ég held að þetta sé vel framkvæmanlegt og gæti verið gert þannig að skráningarlistar séu einfaldlega látnir liggja frammi og öllum sem koma í kirkju bent á að skrá sig við innganginn. Einhver fulltrúi safnaðarins, kirkjuvörður eða sjálfboðaliði, þarf þá að halda utan um þetta verkefni í hvert og eitt sinn, taka á móti fólki, aðstoða við skráninguna, annað hvort við innganginn eða að athöfn lokinni. Ekki þarf að skrá fólk í tiltekið sæti eða tiltekinn bekk, sem gerir framkvæmdina einfaldari. Tillaga að skráningareyðublaði fylgir þessu bréfi og best er að hafa það í Excel-skrá. Söfnuðurinn þarf síðan að varðveita öll slík skráningarblöð, fyrir athafnir kirkjunnar, í **14 daga**. Óski sóttvarnarlæknir eða heilbrigðisyfirvöld eftir skráningarlistunum skulu þeir afhentir, en annars eru upplýsingarnar sem þar eru skráðar trúnaðarmál, sem má ekki afhenda öðrum. **En að 14 dögum liðnum skal listunum fargað.**

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sóttreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Eins metra nálægðartakmörkun gildir við athafnir þegar setið er í sætum og þátttaka skráð. Því er ljóst að hámarksfjöldinn (200) á ekki við á öllum stöðum. Tryggja þarf að fjöldatakmörkanir séu virtar, til dæmis með að talið sé við innganginn. Sumar kirkjur eru litlar og geta því einungis borið mun færri gesti, miðað við þær reglur sem í gildi eru.
- **Börn fædd 2005** og síðar, þurfa ekki að lúta reglum um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímuskyldu.

Nú fara **fermingar** í hönd og þar eins og í almennum messum er undir venjulegum kringumstæðum **altarissakramentið** haft um hönd. Eftir að hafa kynnt mér málið tel ég að við getum opnað fyrir þann möguleika að taka aftur upp altarisgöngur. Framkvæmdin yrði þannig að prestar og aðrir sem koma að athöfninni skulu spritta hendur sínar áður en altarisganga hefst. Prestur notar töng til að taka upp brauðið og lætur það „detta“ í lófa þess sem neytir. Víninu yrði hellt í sérbikara sem sá sem neytir tekur og drekkur úr. Að öðru leyti skal gæta að eigin sóttvörnum og hafa spritt á altarinu.

Við erum enn að glíma við veiruna og því skulum við áfram sýna árvekni og gera okkar besta í að tryggja öryggi allra sem starfa og þjóna innan kirkjunnar, sem og þeirra sem sækja þjónustu og samfélag á vettvangi kirkjunnar.

Það er yndislegt að geta farið að koma saman í nafni þess sem kallar okkur til þjónustunnar. Jesús Kristur segir: „Því að hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra.“ (Mt. 18:20)

Í einum sálmi Helga Hálfðánarsonar segir:

Því valdið aftur hlaustu hátt,
sem hverri tign er stærra,
og guðdómsnafnið eilíft átt
nú öllum nöfnum hærra.
Hvert hné á jörð og himni sig
til heiðurs þér æ beygi,
hver tunga sífelld tigni þig,
í trú hver rómur segi
þér lof, sem linnir eigi. (sb. 200)

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.